

Erindisbréf

Öryggisnefndar Landspítala

Markmið öryggisnefndar er að stuðla að því að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á LSH sé í samræmi við lög og reglur er gilda um vinnuumhverfi s.s. vinnuverndarlög og að fyrirmælum innri og ytri eftirlitsaðila sé fylgt.

Öryggisnefnd Landspítala starfar í samræmi við erindisbréf forstjóra samkvæmt lögum nr. 46/1980, með síðari breytingum og samkvæmt reglum um heilbrigðis- og öryggisstarfsemi innan fyrirtækja. Nefndin er skipuð til 2ja ára.

Starfssvið öryggisnefndar LSH er samkvæmt ákvæðum áður nefndra laga, sbr. 13. gr. en þar segir m.a.: "Atvinnurekandi skal tryggja, að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Sérstaklega er vísað til:

- a. V. kafla um framkvæmd vinnu,
- b. VI. kafla um vinnustaði,
- c. VII. kafla um vélar, tækjabúnað og fleira,
- d. VIII. kafla um hættuleg efni og vörur,
- e. XI. kafla um áhættumat, heilsuvernd og heilsufarsskoðanir"

Þá er vakin athygli á IX. kafla laganna um hvíldartíma, frídaga og hámarksvinnutíma, 52-58 gr.

Málskotsréttur skal vera til framkvæmdastjórnar LSH.

Ábyrgðarsvið

Ábyrgð öryggisnefndar er að styðja við framkvæmd vinnuverndarlaga á Landspítala.

Öryggisnefnd skal eiga samstarf og samvinnu við mannauðssvið, eignasvið, Vinnueftirlit ríkisins, Umhverfissvið Reykjavíkurborgar, Geislavarnir ríkisins og aðrar stofnanir á sviði vinnuverndar.

Meginverkefni

- Fylgist með að stefnu sjúkrahússins um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi sé fylgt.
- Hefur yfirlit yfir stöðu vinnuumhverfismála á Landspítala.
- Hefur eftirlit með að öryggisverðir og öryggistrúnaðarmenn fái nauðsynlega fræðslu og þjálfun til að sinna hlutverki sínu.
- Hefur eftirlit með úttektum (innri og ytri) á vinnuumhverfi á LSH, þ.e. hefur yfirsýn yfir úttektir, verkáætlun umbóta og framkvæmd og skal hafa eftirlit með að ráðstafanir varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi komi að tilætluðum notum.
- Stuðlar að samstarfi öryggisvarða, öryggistrúnaðarmanna, öryggisnefndar og annarra aðila sem sinna öryggis- og vinnuumhverfismálum á sjúkrahúsinu.
- Birtir fundargerðir sínar á neti spítalans og gerir forstjóra og framkvæmdastjórn grein fyrir störfum sínum.

Öryggisnefnd LSH skipa þrjár fulltrúar tilnefndir af starfsmannafélagi, þrjár fulltrúar atvinnurekanda auk formanns sem forstjóri skipar. Nefndin hefur starfsmann sem jafnframt er starfsmaður mannauðssviðs og situr hann fundi nefndarinnar nema annað sé ákveðið.

Reykjavík, 9. desember 2010

Björn Zoëga, forstjóri